

Fimmtudaginn 21. október 1993.

Nr. 181/1993. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

**Gísla Val Gíslasyni**

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Máli þessu var áfrýjað til Hæstaréttar af hálfu ákærða einvörðungu um ákvörðun refsingar. Áfrýjunarstefna er dagsett 19. apríl 1993. Ákærði krefst þess, að refsing verði milduð. Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

### **D ó m s o r ð:**

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Gísli Valur Gíslason, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 15.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 15.000 krónur.

### **Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 17. mars 1993.**

Ár 1993, miðvikudaginn 17. mars, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Hirti O. Aðalsteinssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-112/1993: Ákærvaldið gegn Gísla Val Gíslasyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæru lögreglustjórans í Reykjavík, dagsettri 22. febrúar sl., gegn Gísla Val Gíslasyni, Veghúsum 23, Reykjavík, kt. 231162-3999, „fyrir að aka bifreiðinni Í-381 miðvikudaginn 16. desember 1992, sviptur ökuréttindum, frá húsi við Nethyl í Reykjavík áleiðis að húsi við

Fjarðarsel, uns lögregla stöðvaði aksturinn á Vesturbergi. Telst þetta varða við 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar“.

Málavöxtum er nægilega lýst í ákæru.

Með skýlausri játningu ákærða þykir sannað, að hann hafi framið brot það, sem honum er gefið að sök og réttilega er fært til refsíákvæða í ákæru.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann hlotið eftirtalda dóma:

1986 31. 12. 20 daga varðhald fyrir brot gegn 27. og 50. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi í 4 mánuði frá 31. 12. 1986.

1989 7. 4. 2 mánaða varðhald, skb. 3 ár, fyrir brot gegn 215. gr. alm. hgl., 4. mgr. 26. og 36. gr. umfl.

Þá var ákærði sektaður 29. 8. 1990 um 25.000 krónur fyrir brot gegn 48. gr. umferðarlaga, og 12. 11. 1990 var hann sektaður um 50.000 krónur fyrir sams konar brot. Auk þessa hefur ákærði frá árinu 1981 sjö sinnum sæst á sektargreiðslur fyrir umferðarlagabrot.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin með hliðsjón af sakaferli hans varðhald í 30 daga.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hrl., 20.000 kr.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Gísli Valur Gíslason, sæti varðhaldi í 30 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hrl., 20.000 kr.